

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar og sett er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 3. nóvember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

3. nóvember 1977.

Nr. 394.

REGLUGERÐ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Stjórn hitaveitunnar.

Hitaveita Akureyrar, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Akureyrarbæjar og rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir yfirstjórn bæjarstjórnar Akureyrar.

Bæjarstjórn skipar framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar svo og aðra starfsmenn eftir því, sem þörf krefur og kýs stjórn fyrir hitaveituna.

3. gr.

Bókhald og fjárreiður.

Skrifstofa Akureyrarbæjar annast bókhald og fjárreiður hitaveitunnar og innheimtir hitaveitugjöld. Bókhaldi hitaveitunnar skal halda aðskildu frá bókhaldi bæjarins.

Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum Bæjarsjóðs Akureyrar ár hvert og vera endurskoðaðir af endurskoðendum þeirra.

4. gr.

Verkefni hitaveitunnar.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og sjá um gerð og rekstur hitaveitu fyrir Akureyri svo og nágrenni bæjarins eftir því sem hagkvæmt er og samkomulag verður um.

Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar- og virkjunarétt og láta bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á heitu vatni til notenda.

Einnig skal hitaveitan reisa og reka önnur mannvirki sem nauðsynleg og hagkvæm eru á hverjum tíma þ. á m. kyndistöðvar.

Nú verður samkomulag um að íbúar nágrennasveitarfélags verði notendur hitaveitunnar á sama hátt og íbúar Akureyrar og getur þá stjórn hitaveitunnar, verði þess óskað, gert sérsamning við sveitarstjórnina um að leggja veitukerfi frá hita-

veitunni um sveitarfélagið, eða hluta þess og reka það sem hluta af hitaveitunni. Þá getur stjórn hitaveitunnar ennfremur gefið sveitarstjórninni kost á að hafa áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti á stjórnarfundum hitaveitunnar, þegar sérstaklega er fjallað um málefni er varða sveitarfélagið sem slíkt.

5. gr.

Hitaveitugjöld.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem orkugjald og heimæðagjald samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá er bæjarstjórn setur.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, en henni ber að tilkynna fyrirætlun um lokun með 5 daga fyrirvara.

Kostnað af opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, samkvæmt gjaldskrá. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

6. gr.

Einkaleyfi hitaveitunnar.

Hitaveita Akureyrar hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu og dreifingar og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Akureyrar. Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir stjórn hitaveitunnar.

7. gr.

Lagnir veitukerfis.

Hitaveitan lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins: aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar og lagnir innanhúss að hemlagrindum ásamt grindunum sjálfum með tilheyrandi búnaði

8. gr.

Kvöð um tengingu við hitaveitu.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg innan lögsagnarumdæmis Akureyrar þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins og lagnir fyrir heitt kranavatn við hitaveituæðina. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

9. gr.

Eignarréttur hitaveitu og viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á aðveituæðum, stofnæðum, dreifiæðum og götuæðum veitunnar svo og heimæðum og lögnum innanhúss að og með hemlagrindum ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi hússins við veituna, og telst dreifikerfið ná þangað. En tenging vatnshitunarkerfis húss við hemlagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhúslögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

10. gr.

Afnot varmaorku.

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húss og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á hemlagrind, sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilræðum og fyrirætlum hverju sinni.

11. gr.

Ábyrgð hitaveitunnar.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

12. gr.

Afrennslisvatn frá húskerfum.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o. s. frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Skal húsráðandi annast og kosta að leiða afrennslisvatnið í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 45° C.

Ef húseigendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni, þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð fyrir 8 kg/cm² við þann hita, sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

13. gr.

Uppdrættir og réttur til að annast hitalagnir og gerð uppdráttu.

Við gerð uppdráttu skal miða við almennar reglur um hönnun vatnshitalagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar, byggingarskilmála bæjarstjórnar og aðrar þær reglur, er hitaveitan og byggingareftirlit bæjarins kunna að setja.

Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist, og getur bygginganefnd í samráði við byggingareftirlitið og hitaveituna sett um það nánari fyrirætlum og reglum.

14. gr.

Tenging við hitaveituna.

Áður en hitunarkerfi húss eða lagnir fyrir heitt kranavatn eru tengdar hitaveitukerfinu skal liggja fyrir uppdráttar samþykktur af byggingareftirliti bæjarins, og gildir það jafnt um þegar gerðar lagnir, sem nýlagnir og viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum þá getur byggingareftirlitið í samráði við hitaveituna krafist þess að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt er og ber húseigandi allan kostnað af því. Hitaveitan er byggingareftirliti bæjarins til ráðuneytis um mál er snertir hitalagnir.

Heimilt er bæjarstjórn að setja nánari ákvæði um lög heimæða í byggingarskilmála fyrir nýjum lögum.

Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir hemlagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu og byggingareftirlits.

Ef inntak hitaveitu og hemlagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stökk, sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar.

15. gr.

Eftirlit.

Byggingareftirlit bæjarins hefur eftirlit með því að hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn, bæði nýlagnir og eldri lagnir og viðbætur við þær og breytingar séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og pípulagningameistarar þrýstiprófi nýjar hitalagnir fyrir 8 kg/cm² áður en þær eru teknar út, og tenging við hitaveitu fer fram, en gamlar hitalagnir fyrir 4 kg/cm² nema sérstakar ástæður liggi til annars að mati hitaveitunnar. Byggingareftirlitið skal taka út tengingu við veitukerfið áður en hitaveituvatnið er tekið inn á húskerfið, en starfsmenn hitaveitunnar stilla rennslisemla og mega einir breyta stillingu á þeim.

Starfsmenn hitaveitu og byggingareftirlits skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum bæði innan húss og utan. Húsráðanda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar, er máli geta skipt, um hitun hússins og heitt kranavatn.

16. gr.

Skyldur húseiganda og ábyrgð.

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem hitaveitan setur, um gerð og búnað neysluvatnslagna og hitunarkerfis hússins.

Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss, sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á búnaði og tækjum, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

17. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitinni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda. Kostnaðinn má innheimta hjá eiganda með lögtaki ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 3. nóvember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.